

Þriðjudaginn 8. nóvember 1988.

Nr. 58/1988.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóni Árnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1988 að því er ákærða varðar samkvæmt ósk hans og jafnframt af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar. Meðákærði í héraði vildi una héraðsdómi. Dómkröfur ákærvaldsins eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákærða, en refsing hans þyngd, ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað verði staðfest og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot á 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara, að hann verði dæmdur fyrir brot gegn 245. gr. sömu laga og refsing lækkuð, að skaðabótakrafa verði einungis tekin til greina fyrir 14.000,00 krónum og að málsvarnarlaun verði dæmd.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang skömmu eftir árásina, lá Gísli R. Stefánsson á gangstéttinni í krampakasti. Eigi er upplýst hvenær Gísli féll í götuna. Er því ósannað að ákærði og meðákærði í héraði hafi skilið hann eftir liggjandi á gangstéttinni. Það verður engu að síður ráðið af framburði ákærða og meðákærða í héraði fyrir dómi, að átök hafi átt sér stað og að í þeim hafi ákærði tekið veski Gísla með ofbeldi. Með þetta í huga og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans að ákærði hafi brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr., 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. desember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 11. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 707-708/1987: Ákærvaldið gegn Jóni Árnasyni og X, sem tekið var til dóms þann 25. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara dagsettu 30. apríl sl. á hendur ákærðu, „Jóni Árnasyni, Austurbrún 6, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík, og X fyrir rán, með því að hafa miðvikudaginn 15. október 1986 á tímabilinu kl. 19.30 til 20.00 á gatnamótum Bergþórugötu og Vitastígs í Reykjavík í félagi ráðist á Gísla Rögnvald Stefánsson, Bergþórugötu 2, með þeim hætti að ákærði X hélt honum en ákærði Jón sparkaði í hann og tók seðlaveski úr jakkavasa hans. Skildu ákærðu Gísla eftir liggjandi á gangstéttinni. Í veskinu reyndust vera kr. 25.000 og skiptu ákærðu fengnum þannig að ákærði Jón fékk kr. 15.000 í sinn hlut en ákærði X kr. 10.000. Seðlaveskinu fleygðu ákærðu í óskutunnu í húsagarði við Barónsstíg.

Atferli ákærðu telst varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 15. október 1986 kl. 19:54 barst lögreglunni tilkynning um mann liggjandi á gangstétt við gatnamót Bergþórugötu og Vitastígs og var talið líklegt að hann hefði orðið fyrir líkamsárás. Er lögreglumenn

komu á vettvang fundu þeir Gísli Stefánsson, fæddan 29. maí 1932, liggjandi á gangstétt norðaustan gatnamótanna og var hann með meðvitund. Kvaðst hann vera krampasjúklingur og hafa orðið fyrir árás tveggja manna er hefðu rænt af honum seðlaveski. Fékk kærandi krampakast þarna og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans til athugunar. Þar kvartaði hann undan cymslum í hægri mjóðm og hægri hendi og kvað hann árásarmennina hafa sparkað þar í sig.

Kærandi gaf skýrslu hjá RLR þann 22. október 1986 og kom fyrir dóm þann 23. nóvember sl. Kvaðst kærandi hafa verið á gangi eftir Bergþórugötu og verið litilsháttar undir áfengisáhrifum. Á gatnamótunum við Vita-stíg hafi tveir menn veist að honum og hafi annar mannanna haldið honum meðan hinn reyndi að taka veskið af kæranda, sem reyndi að bægja mannum frá með vinstri hendi. Hafi maðurinn þá farið að sparka í hægri síðu og hægri hönd kæranda. Kvaðst kærandi ekki muna meira, þar sem hann hafi fallið í yfirlið. Taldi kærandi að í veskinu hafi verið persónuskilríki, ýmsar nótur og kr. 14.000 í peningum.

Kærandi skoðaði myndasafn RLR og tók út mynd af ákærða Jóni Árnasyni, sem hann kvað vera líkan manni þeim er sparkaði í hann.

Læknisvottorð Grétars O. Róbertssonar læknis, dags. 25. mars sl., varðandi kæranda er svohljóðandi:

„Samantekt:

Hér er um að ræða mann sem hefur oft leitað á slysadeild. Fékk upphaflega áverka á hægri öxl í mars 1986, sem háði honum lengi og var í meðferð og rannsókn á slysadeild vegna þess. Datt síðan á hægri hönd þ. 07.09.86 og hlaut brot í IV. og V. geislung hægri handar.

Sjúklingur var síðan fluttur á slysadeild með sjúkrabil þ. 15.10.86. Hafði verið að drekka um daginn og eftir að ráðist var á hann fékk hann krampa í hægri hendi. Einnig mar á hægri olnboga.

Rtg.myndatökur þann dag, bæði af olnboga og gömlu brotunum á geislungunum, sýndu engin merki um ferska áverka. Sjúklingur lá yfir nóttina til eftirlits á gæsludeild Bsp., hjá lyflæknum, en útskrifaðist síðan til síns heima daginn eftir.

Hann leitaði á endurkomudeild slysadeildar þ. 24.10., eða 9 dögum síðar, og var þá ekkert athugað að finna við höndina, en vegna óþæginda í hægri öxl, sem e.t.v. höfðu farið eitthvað vaxandi, var þöntuð skuggaefnis-myndataka af hægri öxlinni sem sýndi ekkert óeðlilegt.

Sjúklingur útskrifaðist síðan af slysadeild og er ekki að sjá að hann hafi leitað hingað síðar vegna þessa.“

Ákærði Jón Árnason var yfirheyrður hjá RLR þann 23. október 1986.

Er þar bókað eftir ákærða að hann viðurkenni það afdráttarlaust að hann hafi ráðist á mann og rænt hann seðlaveski hans. Kvaðst ákærði ásamt meðákærða X hafa verið á gangi á Bergþórugötu er þeir sáu mann sem ákærða virtist talsvert undir áfengisáhrifum. Kvaðst ákærði hafa beðið hann um sjúss, en maðurinn hafi þá bandað ákærða frá með hendinni þannig að hann hrökk undan. Kvaðst ákærði þá hafa reiðst, ráðist að manningum og þrifið upp seðlaveski hans úr innanávasa á jakka hans. Hafi þeir síðan hlaupið brott og tekið 25.000 krónur úr veskinu en hent því í öskutunnu. Hafi ákærði fengið 15.000 krónur í sinn hlut en meðákærði 10.000 krónur. Ákærði mundi ekki eftir að hafa sparkað í manninn. Þá mundi ákærði ekki eftir því að meðákærði X hafi lagt hendur á hann eða átt þátt í að halda honum.

Ákærði X var yfirheyrdur hjá RLR þann 24. október 1986. Er bókað eftir ákærða að hann viðurkenni það afdráttarlaust að hafa ásamt meðákærða ráðist að manni á gatnamótum Bergþórugötu og Vitastígs, rænt hann seðlaveski hans og skilið hann eftir. Kvað ákærði meðákærða hafa stungið upp á því að ræna manninn er þeir sáu hann. Kvaðst ákærði hafa samþykkt þetta og hafi meðákærði komið framan að manningum, sem hratt honum frá sér. Kvaðst ákærði þá hafa haldið í manninn og meðákærði hafi tekið seðlaveski hans úr innanávasa á jakka hans. Hafi meðákærði Jón sparkað í manninn, en ekki mundi ákærði hversu oft. Hafi þeir síðan hlaupið í burtu án þess að kanna ástand mannsins. Kvaðst ákærði hafa fengið 10.000 krónur í sinn hlut, en meðákærði hafi fengið afganginn.

Fyrir dómi skýrði Jón svo frá að hann hafi gengið að kæranda og beðið hann um „sjúss“. Hafi kærandi þá hrint ákærða niður tröppur og á grindverk og kvaðst ákærði þá hafa stokkið að kæranda og ætlað að spyrja hann hvað þetta ætti að þýða, en þá hafi kærandi bandað frá sér og kvaðst ákærði hafa þrifið í hann. Kvað ákærði veskið þá hafa dottið upp úr vasa kæranda. Kvaðst ákærði hafa þrifið veskið og hlaupið burt. Ákærði neitaði að hafa lagt hendur á manninn.

Fyrir dómi skýrði ákærði X svo frá, að meðákærði Jón hafi verið að rifast við kæranda og hafi þeir tekist á, en þeir hafi aldrei lagt hendur á kæranda. Kvaðst ákærði hafa staðið á lengdar er þetta átti sér stað.

Lögreglumenn þeir sem afskipti höfðu af máli þessu hafa komið fyrir dóm. Enginn þeirra mundi eftir því að hafa séð áverka á kæranda.

Niðurstöður.

Ákærðu hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa tekið seðlaveski af kæranda og tekið 25.000 krónur úr því, sem þeir skiptu á milli sín.

Ákærðu hafa fyrir dómi horfið að nokkru frá fyrri framburði sínum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og kannast þeir nú ekki við að hafa beitt

kæranda ofbeldi. Hins vegar verður að telja, þegar lítið er til játninga þeirra hjá rannsóknarlögreglu og með framburði vitnisins Gísla Rögnvalds, sannað að ákærðu hafi náð veski kæranda með því að beita hann ofbeldi. Varðar verknaður þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns hefur hann á árunum 1960-1985 hlotið 21 fangelsisdóm í samtals 10 ár og 4 mánuði fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik. Auk þess hefur ákærði 8 sinnum gengist undir sektargreiðslu fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

— — —

Refsing ákærða Jóns þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 8 mánuði.

Kærandi, Gísli Rögnvaldur Stefánsson, hefur lagt fram skaðabótakröfu, samtals að fjárhæð kr. 69.250, er hann sundurliðar þannig:

peningar	kr. 25.000
seðlaveski	kr. 4.000
gleraugnaumgjarðir	kr. 3.600
sjúkrabifreið	kr. 750
skyrta	kr. 1.900
frakki	kr. 9.000
vinnutap í rúma viku,	
útseld vinna pr/klst. kr. 350	kr. 15.000
miskabætur	kr. 10.000
	<hr/>
	samtals kr. 69.250

Eigi er í ljós leitt að fatnaður kæranda hafi skemmt og þá hefur verið upplýst að kærandi var á þessum tíma óvinnufær af öðrum orsökum.

Öðrum liðum kröfunnar þykir í hóf stillt og verða þeir teknir til greina. Verða ákærðu því dæmdir til þess að greiða kæranda in solidum kr. 43.350 í skaðabætur.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin sak-sóknarlaun er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Haralds Blöndal hrl., 30.000 krónur til hvors um sig.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Jón Árnason og X, sæti hvor um sig fangelsi í 8 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Gísla Rögnvaldi Stefánssyni kr. 43.350 í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 30.000 krónur er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Hilmars Ingimundarsonar hrl. og Haralds Blöndal hrl., 30.000 krónur til hvors um sig.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1988.

Nr. 236/1987. **Guðmundur Sigurjónsson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Ábyrgð hf.

(Logi Guðbrandsson hrl.)

Vátrygging. Túlkun á vátryggingarskilmálum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega: Að stefndi greiði 1.099.877,00 krónur ásamt 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði af 490.000,00 krónum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði af 646.195,00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1985, 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af 815.195,00 krónum frá þeim degi til 1. október 1985, 3,75% dráttar-